

FUNDUR Í FRAMKVÆMDARÁÐI HÚNVETNINGS

Föstudaginn 14. ágúst 2020, var fundur haldinn í fjarfundakerfinu ZOOM kl. 13.

Mætt voru:

Frá Húnavatnshreppi: Jón Gíslason og Einar Kristján Jónsson.

Frá Skagaströnd: Halldór G. Ólafsson og Alexandra Jóhannesdóttir.

Frá Blönduósbae: Guðmundur Haukur Jakobsson og Valdimar O. Hermannsson.

Frá Skagabyggð: Dagný Rósa Úlfarsdóttir.

Frá RR ráðgjöf: Róbert Ragnarsson og Jón Hrói Finnsson.

Jón Gíslason, formaður nefndarinnar setti fundinn og stýrði dagskrá.

Róbert Ragnarsson ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Verkefni- og tímaáætlun

Umræða um endurskoðun tímaáætlunar í kjölfar samkomutakmarkana vegna heimsfaraldurs Covid-19.

Ákveðið að bjóða iðnaðar, -nýsköpunar og ferðamálaráðherra í heimsókn sem fari fram fyrir 25. september. Stefna að íbúafundum síðustu viku í september í samræmi við ráðleggingar sóttvarnaryfirvalda.

Stefna að því að sveitarstjórnir taki ákvörðun um hvort hefja skuli formlegar viðræður í október.

Ráðgjöfum falið að hafa samband við ráðherra og setja fréttatilkynningu á huni.is.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 13:20.